

Sp.

171. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um frv. til fjárl. fyrir árið 1973 á 38 fundum, auk þess hafa undirnefndir haft til meðferðar sérstaka málaflokka.

Til nefndarinnar hafa borizt 450 erindi. Auk þess hefur nefndin rætt við fjölmarga forstöðumenn ríkisstofnana, félagssamtaka og sveitarstjórna.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins, en stendur sameiginlega að breytingartillögum á þskj. 162 og 165. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni vilja þó taka fram, að þeir hafi óbundnar hendur um fylgi við einstakar breytingartillögur og áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja tillögum, sem fram kunna að koma.

Frá því að núv. ríkisstjórn tók við völdum, hefur kaupmáttur tímakaups hækkað svo, að hann hefur aldrei verið jafnhár áður. Samtímis hefur orðið veruleg rýrnun þeirra þátta í fiskafla landsmanna, sem mestu máli skipta í þjóðarbúskapnum. Útflutningsatvinnuvegirnar standa því höllum fæti, og sýnt er, að grípa verður til sérstakra efnahagsráðstafana til að tryggja atvinnuöryggi. Langsamlega mestur hluti útgjalda á fjárlögum er lögbundinn, svo sem greiðslur til almannatrygginga, sem hafa hækkað um 4 230 millj. kr. frá fjárlögum ársins 1971 eða um 200%. Þá koma launahækkanir samkvæmt kjarasamningum fyrrv. ríkisstjórnar við opinbera starfsmenn í des. 1970 í fyrsta sinn að fullu fram á næsta ári, og eru launaliðir í fjárlagafrumvarpinu um 3 000 millj. kr. hærri en á fjárlögum 1970 eða um 160%.

Við afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni er staða ríkissjóðs því á þann veg, að eigi er fært að gera tillögur um framlög til verklegra framkvæmda í þeim mæli, sem meiri hl. nefndarinnar kysi, en í þeim tillögum, sem gerðar eru, er lögð áhersla á að greiða sem mest upp af þeim skuldum við sveitarfélög og aðra framkvæmdaðila, sem ríkissjóður safnaði upp á dögum viðreisnarstjórnarinnar.

Nefndin hefur fyrir 2. umræðu lagt fram tillögur um skiptingu framlaga til allra helztu framkvæmdaliða. Tillögur um fjárveitingar til byggingar menntaskóla bíða þó 3. umræðu svo og afgreiðsla ýmissa erinda. Við tillögugerð í þessum málaflokkum hefur verið tekið tillit til þeirra lækkana á fjárveitingum á þessu ári, sem ákveðnar hafa verið samkv. heimild í bráðabirgðalögum, er sett voru í júlí s. l. Þær fjárveitingar, sem þannig koma ekki til útborgunar á árinu 1972, en eru endurveittar nú, nema samtals 174.6 millj. kr. og eru sundurliðaðar í fylgiskjali með nefndaráliti þessu.

Samkvæmt núgildandi lögum um skólakostnað, sem sett voru árið 1967, skyldu fjárveitingar til stofnkostnaðar skólamannvirkja greiðast á eigi lengri tíma en 3 árum. Næsta ár voru gefin út bráðabirgðalög um lengingu þessa tímabils um eitt ár, að því er tók til fjárveitinga á því ári. Sú regla hefur síðan verið látin gilda án sérstakrar heimildar, og raunin hefur orðið sú, að við ákvörðun fjárveitinga, a. m. k. til dýrustu skólamannvirkjanna, hefur verið stefnt til lengra greiðslutímabils með því að veita hin fyrri ár tímabilsins verulega lægri upphæðir en $\frac{1}{4}$ heildarhluta ríkissjóðs. Við lok 3. greiðsluárs hafa þannig í þeim tilvikum verið ógreiddar miklu hærri upphæðir en verið hefði, ef 4 ára reglunni hefði verið fylgt á eðlilegan hátt. Með þessum hætti velti ríkissjóður á undan sér fjárhagsvanda, sem nú verður að leysa.

Með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur á undanförunum árum, og þess, hvernig að hefur verið staðið af hálfu ríkissjóðs á undanförunum árum, er því við ákvörðun fjárveitinga í þessum efnum við það miðað, að lögum um skólakostnað verði breytt á þann veg, að fjárveitingar skiptist að jafnaði á 4 ár, eins og gert hefur verið án heimildar frá árinu 1968, en heimilt sé þó, að fjárveitingar til þeirra skólamannvirkja, sem áttu að fá lokaframlag á fjárlögum 1973, megi skiptast á árin 1973 og 1974. Í tillögum nefndarinnar er þessu væntanlega heimildarákvæði beitt á þann veg, að í stað þess að greiða lokaframlag að fullu er í sumum tilvikum miðað við, að $\frac{1}{3}$ hluti lokaframlagsins komi til greiðslu 1974.

Frá því að teknar voru upp sérstakar fjárveitingar til greiðslu á skuldum ríkissjóðs vegna hafnarframkvæmda frá því fyrir árið 1967, hafa inneignir hafnasjóða hjá ríkissjóði vegna síðari ára náð verulegum upphæðum og námu um næstsíðustu áramót um 80 millj. kr. Það er stefna meiri hl. fjvn., að slíkir skuldahalar, sem fyrrv. ríkisstjórn skildi eftir sig, verði greiddir sem fyrst. Á þessu ári lækkuðu

skuldir vegna hafnarmannvirkja í 64 millj. kr., og tillögur um framlög á næsta ári miðast við, að þær hverfi þá með öllu.

Skömmu fyrir síðustu alþingiskosningar voru tekin lán samtals að upphæð um 20 millj. kr. í hafnabótasjóð og þeim úthlutað. Lánin skyldu endurgreidd á árunum 1972 og 1973. Afborganir og vextir 1972 hafa verið endurgreiddir með bráðabirgðaláni úr ríkissjóði, og falla því lánin ásamt vöxtum til greiðslu á næsta ári. Sú greiðsla mundi tæma sjóðinn með öllu, miðað við framlag til hans í fjárlagafrv., sem er áætlað um 30% hærra en á fjárl. 1971. Fjvn. hefur ekki tekið afstöðu til þess, hvernig skuli fara með þennan skuldahalann úr hinu „blómlega húi viðreisnar“.

Vangreidd framlög íþróttasjóðs vegna íþróttamannvirkja hafa hrúgast upp á undanförnum árum og munu nema rúmlega 82 millj. kr., eftir að úthlutun úr sjóðnum hefur farið fram á þessu ári. Fjárveiting til íþróttasjóðs var á núgildandi fjárlögum hækkuð um 160% frá árinu 1971, og var þess þá getið, að það væri gert í þeim tilgangi að stefna að því, að þróun undanfarinna ára um stöðuga skuldaféfnun yrði snúin við. Er því nú gerð tillaga um að taka enn frekar á þessu máli og á þann veg, að í stað þess, að sveitarfélög og íþróttafélög biði árum saman og endalaust eftir greiðslu lögboðinna ríkisframlaga, verði samið við þau um að falla frá 20% inneigna sinna hjá ríkissjóði um n. k. áramót gegn því, að eftirstöðvar verði greiddar að fullu á næstu 4 árum. Við þetta er tillaga n. um framlag til íþróttasjóðs miðuð og því áætlaðar 16.6 millj. kr. til greiðslu eftirstöðva, 5.3 millj. kr. til félagsstyrkja o. fl., en 3.1 millj. kr. gangi til greiðslu á hluta ríkissjóðs af framkvæmdum á næsta ári við þau mannvirki, sem nú eru í byggingu og hljóta þar með rétt samkvæmt nýgerðri breytingu á íþróttalögum. Framlag til íþróttasjóðs nemur því alls 25 millj. kr. samkv. tillögu nefndarinnar og hefur þá fimmfaldast frá fjárlögum 1971.

Við afgreiðslu núgildandi fjárlaga var meir komið til móts við óskir forráðamanna ríkisspítalanna um ráðningu starfslíðs en gert hafði verið á undanförnum árum, þegar óhjákvæmilegum þörfum á þessum sviðum var svo lítt sinnt, að til vandræða horfði í rekstri sjúkrahúsa.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir aukningu á þjónustu á þessu sviði í framhaldi af breytingum, sem gerðar voru á fjárlagafrv. í fyrra við afgreiðslu þess, og nefndin flytur nú tillögu um breyt. á fjárlagafrv. á þann veg, að gert verði ráð fyrir aukningu starfslíðs, svo að nemur um 30 millj. kr. útgjöldum á næsta ári. Er hér um að ræða um 14.8 millj. kr. vegna vinnutímastyttingar, 7.5 millj. kr. vegna nýrra sjúkra-deilda og nýrrar þjónustu, 7.7 millj. kr. vegna aukinnar þjónustu í eldri deildum. Af þessum upphæðum falla 27 290 þús. kr. á ríkissjóð.

Breytingartillögur þær, sem fjvn. flytur sameiginlega, mundu, ef samþykktar væru, valda 268 188 þús. kr. nettógjaldaukningu hjá ríkissjóði og yrði greiðsluhalli ríkissjóðs þá 164 242 þús. kr.

Eins og fyrr er getið í nál. þessu, er ljóst, að stjórnvöld munu grípa til sérstakra efnahagsaðgerða til þess að tryggja atvinnuöryggi og hallalausán ríkisbúskap. Af þeim aðgerðum hlýtur afgreiðsla fjárlaga að markast, og gerir meiri hl. fjvn. því á þessu stigi ekki tillögur um breytingar á tekjuhlið frumvarpsins.

Um breytingartillögur nefndarinnar skal þetta tekið fram:

Um tekjur.

Lagt er til, að tekjuliður, slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjöld af trillubátum og áhættuiðgjöld af búvélum hækki um 45 345 þús. kr., og er það í samræmi við nýja áætlun Tryggingastofnunar ríkisins um iðgjöld til slysatrygginga á næsta ári, en þau hafa reynzt mjög vanáætluð á þessu ári. Framlag til Tryggingastofnunar ríkisins hækkar um sömu upphæð.

Um 1 02 Menntamálaráðuneytið.

Aðalskrifstofa: Lagt er til, að veittar verði 400 þús. kr. til að halda námskeið fyrir menntaskólakennara skv. lögum um menntaskóla. — Fjárveiting til námsflokka er hækkuð um 250 þús. kr., m. a. vegna umsóknar Námsflokka Akureyrar um fjárveitingu vegna listfræðslu.

Háskólinn: Lagt er til að framlag til læknadeildar hækki um samtals 2 742 þús. kr. vegna rannsókna og kennslu í sýklafræði og skyldum greinum. Á móti hækka tekjur um 1 millj. kr. — Þá er lagt til, að hækkað sé framlag vegna stundakennslu í verkfræðideild um 500 þús. kr., þar sem lagzt hefur verið gegn fjölgun prófessora. — Vegna nýgerðra samninga háskólakennara um greiðslu fyrir stundakennslu er gert ráð fyrir sérstökum lið: „hækkun á launum stundakennara“ 10 millj. kr. Hækkun þessi mun ná til um 250 manna.

Fyrirheit hefur verið gefið um, að norrænni jarðeldastöð, sem ákveðið hefur verið að koma á fót í tengslum við Háskóla Íslands, verði séð fyrir innréttuðu húsnæði í Atvinnudeildarhúsinu. Lagt er til, að veittar verði 4.8 millj. til greiðslu kostnaðar.

Lagt er til, að veittar verði 1.2 millj. kr. til tækjakaupa fyrir Tilraunastöð háskólans á Keldum. Er við það miðað, að um sé að ræða 1. greiðslu af tækjakaupum fyrir 3 750 þús. kr.

Lagt er til, að laun við Raunvísindastofnun háskólans hækki um 426 þús. kr., annars vegar vegna $\frac{1}{2}$ stöðu rannsóknamanns í jarðvísindadeild og hins vegar vegna annarra launa í reiknistofu. Önnur rekstrargjöld eðlisfræðideildar lækka um 167 þús. kr. Tekjur lækka um 2 145 þús., þar af um 1 050 þús. í efnafræðideild og um 595 þús. í eðlisfræðideild. Hér er um að ræða lækkun á erlendum styrkjum. Þá eru tekjur reiknistofu lækkaðar um 500 þús. kr. vegna ofáætlunar.

Fjárveiting til Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi hækkar samtals um 1 071 þús. kr., þar af launaliðir um 971 þús. kr. Er þar annars vegar um að ræða laun tveggja gæzlumanna, og hins vegar verða 3 sérfræðingar, sem njóta styrks til sérstakra starfa við stofnunina, á fullum launum í stað $\frac{3}{4}$ launa áður. Viðhaldskostnaður hækkar um 100 þús. kr.

Náttúrufræðistofnun Íslands: Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 200 þús. kr. vegna útgáfu jarðfræðikorts.

Rannsóknaráð ríkisins: Lagt er til, að veittar verði 150 þús. kr. til kaupa á steinasafni Tómasar heitins Tryggvasonar jarðfræðings og 323 þús. kr. vegna ráðningar ritara.

Lagt er til að launaliður Menntaskólans í Reykjavík hækki um 600 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 400 þús. kr. vegna vanáætlunar og gjaldfærður stofnkostnaður um 350 þús. kr. vegna innréttingar á rishæð.

Íþróttakennaraskóli Íslands: Viðhaldskostnaður hækkar um 400 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 100 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði 175 þús. kr. til Vélaskóla Íslands til að halda sameiginlegt námskeið með Stýrimannaskólanum um meðferð og viðhald nýjustu veiði-, rafeinda- og stýritækja. Enn fremur, að veittar verði 150 þús. kr. til námskeiðs fyrir vélstjóra í Vestmannaeyjum. Þá er gerð tillaga um, að Vélaskólanum verði veittar 5 millj. kr. til tækjakaupa í stað 1.6 millj. kr. skv. frumv.

Lagt er til, að Stýrimannaskólanum í Reykjavík verði veittar 175 þús. kr. vegna námskeiðahalds í samvinnu við Vélaskóla Íslands.

Framlag til byggingar iðnskóla hækkar um 1.8 millj. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Fiskvinnsluskólinn: Lagt er til, að framlag til rekstrarkostnaðar hækki um 100 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 3.400, vegna þess að gert er ráð fyrir, að á næsta ári verði innréttað nýtt húsnæði, sem ætlunin er að taka á leigu fyrir skólann.

Lagt er til, að veittar verði 2 874 þús. kr. til rekstrar nýs hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík.

Framlag til húsmæðraskóla hækkar um 3.5 millj. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Styrkur til Verzlunarskóla Íslands er hækkaður um 3 millj. kr., til Samvinnu-skólans um 500 þús. kr. og til Bréfaskóla SÍS og ASÍ um 120 þús. kr.

Framlag til héraðsskóla hækkar um 254 þús. kr. í 49 070 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni hækkar um 200 þús. kr. vegna endurbóta á brunavörnum.

Lagt er til, að veittar verði 4 350 þús. kr. til kennslu fjölfatlaðra barna.

Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækka um 4 517 þús. kr. og verða 477 928 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 165.

Lagt er til, að framlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna hækki um 28.3 millj. kr. Ráðgerð lántaka sjóðsins lækkar um 10 millj. kr., og veitt er 13% hækkun lána innanlands vegna hækkunar framfærslukostnaðar eða 18.3 millj. kr.

Framlag til Myndlistarskólans í Reykjavík hækkar um 50 þús. kr.

Landsbókasafn Íslands: Laun hækka um 423 þús. kr., þar sem ráðgert er að veita Haraldi Sigurðssyni ársleyfi frá störfum til að halda áfram ritun kortasögu Íslands. 80 þús. kr. hækkun á rekstrargjöldum er veitt til greiðslu leiguhúsnæðis.

Rekstrargjöld þjóðskjalasafns hækka um 1 115 þús. kr. vegna leigu og inn-réttingar á geymsluhúsnæði.

Framlag til Listasafns Ásgríms Jónssonar hækkar um 200 þús. kr. vegna upp-setningar á öryggisútbúnaði.

Listasafn Íslands: Lagt er til, að gjöld hækki samtals um 1 741 þús. kr. Er þar um að ræða skuldagreiðslu vegna kaupa á málverkum eftir Jón Stefánsson og kvöð um sérstakar lífeyrisgreiðslur, sem fylgdi húsnæði því, sem Listasafnið seldi á þessu ári.

Launakostnaður náttúruverndarráðs er hækkaður um 1 089 þús. kr. og rekstrargjöld lækkuð um sömu upphæð.

Framlag til almenningsbókasafna er hækkað um 100 þús. kr., og er þá höfð í huga umsókn Amtsbókasafnins á Akureyri um styrk.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Tónlistarskólans í Reykjavík verði hækkaður um 200 þús. kr. með hliðsjón af hækkunum á fjárveitingum til annarra tónlistar-skóla.

Lagt er til, að tónlistarskólunum í Árnassýslu, Mosfellssveit og Hafnarfirði verði hverjum fyrir sig veittur 125 þús. kr. styrkur til innréttingar á húsnæði. Er þá við það miðað, að um sé að ræða fyrri greiðslu af tveimur.

Lagt er til, að framlag til Íþróttasjóðs verði hækkað um 10 millj. kr. í 25 millj. kr., vísað til skýringa frammar í nefndarálitinu. Sundurliðun á framlagi til byggingar Íþróttamannvirkja kemur fram á þskj. 162.

Lagt er til, að styrkur til Bandalags íslenzkra skáta hækki um 100 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til náttúrugripasafns á Akureyri verði hækkaður um 100 þús. kr.

Lagt er til, að Íslendingafélagið í Þrándheimi fái 50 þús. kr. styrk til að innrétta húsnæði, sem félagið hefur til afnota leigulaust frá norskum aðilum.

Lagt er til, að styrkur til Kvenfélagasambands Íslands verði hækkaður um 300 þús. kr. í 1 300 þús. kr. — Lagt er til, að Samband austfirzakra kvenna og Samband vestfirzakra kvenna fái 50 þús. kr. styrk hvort fyrir sig.

Lagt er til, að Landakotsskólinn í Reykjavík hljóti rekstrarstyrk að upphæð 500 þús. kr., en nemendafjöldi í skólanum er nú um 170.

Líðurinn til minnisvarða um Guðmund góða hækkar um 15 þús. kr. í 50 þús. kr.

Styrkur til að gera heimildarkvikmynd um atvinnuþróun á Suðurlandi hækkar um 25 þús. kr. í 100 þús. kr., en ráðgert er að sýna myndina víða um land á árinu 1974.

Nýr liður: Til flugskóla Helga Jónssonar 200 þús. kr. Í skólanum eru nú um 60 íslenskir nemendur. M. a. vegna endurnýjunar tækja á skólinn við fjárhagsörðugleika að stríða.

Nýr liður: Aðstoð við þróunarlöndin 5 millj. kr. Sams konar liður er á núgildandi fjárlögum að upphæð 3 millj. kr.

Nýr liður: Til Flóttamannaráðs Íslands 800 þús. kr. Sams konar og jafnhár liður er á núgildandi fjárlögum og fjárl. 1971.

Um 1 03 Utanríkisráðuneytið.

Lagt er til, að viðhaldskostnaður við sendiráðið í London hækki um 745 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 528 þús. kr., en hagsýslustjóri hefur athugað ástand sendiherrabústaðarins og skrifstofuhússins í London.

Framlag til Evrópuráðs hækkar um 147 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar.

Um 1 04 Landbúnaðarráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til Búnaðarfélags Íslands verði hækkað um 250 þús. kr. vegna námskeiða, sem ætlunin er að halda fyrir bændur.

Lagt er til, að veittar verði 250 þús. kr. til viðhaldskostnaðar að tilraunastöðinni að Skriðuklaustri.

Framlag til Skógræktar ríkisins er hækkað um 610 þús. kr. Er annars vegar um að ræða hækkun framlags til framkvæmda í Fljótsdal um 150 þús. kr., en fjárlög til þeirra framkvæmda, sem unnar eru skv. sérstakri áætlun, hafa rýrnað að verðgildi undanfarin ár. Hins vegar er um að ræða $\frac{3}{4}$ hluta launa skógarvarðar.

Framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar hjá landgræðslu er hækkað um 6 millj. kr., þar af er 1 millj. kr. ætluð til byggingarframkvæmda að Gunnarsholti.

Framlag til fyrirhleðslna hækkar um 3 230 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Framlag til landþurrkunar hækkar um 50 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Lagt er til, að framlag til einangrunarstöðvar holdanauta verði hækkað um 3 millj. kr. í 6 millj. kr. Kostnaður við byggingarframkvæmdir í Hrísey er áætlaður um 8 millj. kr., annar kostnaður um 2 millj. Ónotuð er fyrri fjárveiting, nál. 2 millj. kr.

Nýr liður: Stóðhestastöð 150 þús. kr. Fyrirhugað er að koma upp ræktunarstöð stóðhesta og líklegast talið, að henni verði valinn staður að Litla-Hrauni á Eyrarbakka.

Nýr liður: Skipulagning að Hvanneyri og Hólum 1 millj. kr.

Um 1 05 Sjávarútvegsráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til Hafrannsóknastofnunar hækki um 3.1 millj. kr. og renni sú upphæð til greiðslu kostnaðar við leiguskip, sem notuð yrðu einkum til leitar að skelfiski og rækju og merkingar fiska.

Framlag til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hækkar um 800 þús. kr. Er þar um að ræða kaup á tækjum og innréttingar í nýjar rannsóknastofur.

Nýr liður: Til greiðslu á skuldum Síldarverksmiðja ríkisins 26 millj. kr. Á 6. gr. fjárlaga er ríkisstjórninni veitt heimild til að ábyrgjast greiðslu á skuldum verksmiðjanna á árunum 1973—1976 allt að 87 millj. kr. Samið hefur verið um greiðslu á skuldum frá árunum 1960—1971, og nema greiðslur til ársins 1981 samtals um 127 millj. kr., þar af um 26 millj. á næsta ári. Að auki skulda Síldarverksmiðjurnar ríkisábyrgðasjóði um 50 millj. kr. vegna lána, sem sjóðurinn er í ábyrgð fyrir.

Vanskilavextir af þeim lánum nema 10.6 millj. kr. Aðstöðugjöld fyrirtækisins, tryggingagjöld og fasteignagjöld hvers konar nema á þessu ári um 6 millj. kr.

Um 1 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Embætti sýslumanns og bæjarfógeta á Akureyri, launaliður hækkar um 150 þús. kr. vegna ½ stöðu starfsstúlku.

Framlag til landhelgisgæzlu hækkar um 8 millj. kr. vegna vanáætlunar stofnunarinnar, og sundurliðast hækkunin þannig:

Flugvélaeldsneyti	1 000 þús. kr.
Viðhald og endurbætur flugvéla	1 500 — —
Laun og kostn. flugmanna	500 — —
Leiguskip	5 000 — —

Launagjöld Öryggiseftirlits ríkisins hækka um 500 þús. kr. og önnur rekstrar- gjöld um 50 þús. vegna ráðningar starfsmanns til eftirlits með öryggisráðstöfunum við byggingarvinnu, skv. nýrri reglugerð. Tekjur stofnunarinnar aukast um jafnháa upphæð, þar sem innheimt er eftirlitsgjald vegna starfsins.

Nýr liður: Fíkniefnanefnd. Lagt er til, að veittar verði 1 500 þús. kr. til samstarfsnefndar um fíkniefnavandamál til að kosta fræðslustarfsemi, menntun starfsmanna og tækjakaup.

Framlag til útihúsa á prestssetrum hækkar um 250 þús. kr.

Um 1 07 Félagsmálaráðuneytið.

Nýr liður: Lagt er til, að veittar verði 200 þús. kr. til rekstrar Tjaldanesheimilisins í Mosfellssveit, en þar njóta 24 drengir umönnunar og kennslu.

Nýr liður: Lagt er til, að Kvenfélagasambandi Gullbringu- og Kjósarsýslu og orlofsnefndum á félagssvæði K.S.S.G. verði veittar 250 þús. kr. til orlofsheimilis í Gufudal. Er það jafnhá upphæð og á núgildandi fjárlögum.

Nýr liður: Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra, byggingastyrkur 500 þús. kr., sem er jafnhá upphæð og í núgildandi fjárlögum.

Um 1 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til Tryggingastofnunar ríkisins hækki um 71 570 þús. kr. Annars vegar er um að ræða útgjöld vegna slysatrygginga 45 345 þús. kr., sbr. tillögur um hækkun á tekjum, og hins vegar aukin útgjöld sjúkratrygginga vegna áhrifa starfsliðs aukningar, sem gerð er tillaga um, á upphæðir daggjalda sjúkra- húsa, 26 225 þús. kr. Nánar er greint frá tillögu um starfsliðs aukningu annars staðar í nefndarálitinu.

Útgjöld skrifstofu ríkisspítala hækka um 734 þús. kr. vegna fjölgunar starfsliðs ríkisspítalanna, sem nánar er greint frá framfarum í nefndarálitinu.

Rannsóknastofa Háskólans: Lagt er til, að launaliður hækki um 3 475 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 5 500 þús. kr. Hér er um að ræða endurbætur á starfsaðstöðu og aukinn rekstur rannsóknarstofu í sýkla- og veirufræði, sem áformað er að koma fyrir í gamla þvottahúsinu á Landspítalalóðinni.

Útgjöld Blóðbankans hækka um 331 þús. kr. vegna fjölgunar starfsliðs, sbr. aths. fyrir í nefndarálitinu.

Lagt er til, að St. Jósefsspítalanum í Reykjavík verði veittur 5 millj. kr. styrkur til kaupa á röntgentækjum.

Framlag til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknameiðstöðva og læknaþústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækkar um 6 130 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Nýr liður: Templarahöllin, byggingarstyrkur 900 þús. kr. Hér er um að ræða sömu upphæð og er í fjárl., en liður þessi féll niður í fjárlagafrv.

Stórstúka Íslands: Styrkur hækkar um 100 þús. kr.

Um 1 09 Fjármálaráðuneytið.

Launakostnaður við Skattstofu Austurlands hækkar um 420 þús. kr. vegna nýs starfsmanns hjá embættinu.

Um 1 10 Samgönguráðuneytið.

Framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 31 500 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Framlag til ferjubryggna hækkar um 2.9 millj. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga: Liðurinn hækkar um 2.3 millj. kr. og nemur þá 27.5 millj., sem skiptast í gengisbætur 7.8 millj. og eftirstöðvar 19.7 millj. kr.

Framlag til sjóvarnargarða lækkar um 2.3 millj. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Launakostnaður við Siglingamálastofnun ríkisins hækkar um 480 þús. kr. vegna ráðningar eftirlitsmanns með búnaði skipa.

Gjöld vegna flugmálastjórnar hækka um 8 054 þús. kr., þar af vextir 5 443 þús. kr. og lánahreyfingar 2 611 þús. kr., vegna vanáætlunar stofnunarinnar.

Veðurstofa Íslands: Liðurinn veðurstöðvar hækkar um 3 640 þús. kr. vegna samræmingar á launum veðurathugunarmanna við launataxta verkamanna.

Lagt er til, að framlag til Landmælinga hækki um 300 þús. kr. vegna gróðurkortagerðar.

Um 1 11 Iðnaðarráðuneytið.

Lagt er til, að veittur verði 1 400 þús. kr. til námskeiðs fyrir starfsmenn á þungavinnuvélum. Um námskeiðið sér nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar frá iðnaðarráðuneytinu, Verkamannafélaginu Dagsbrún og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nýr liður: Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað 6 millj. kr. Hér er um að ræða greiðslu kostnaðar við störf nefndar, sem starfar á vegum iðnaðarráðuneytisins að viðræðum við erlenda aðila um orkufrekan iðnað. Koma þar til útgjöld m. a. vegna verkfræðilegra og lögfræðilegra athugana, ferðakostnaður o. fl.

Nýr liður: Lagmetisiðjan Siglósíld 5 millj. kr. Samkvæmt 4. gr. laga um lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 15 millj. kr. til að fullkomna vélakost verksmiðjunnar og til að tryggja eðlilegan rekstur hennar. Er lagt til, að á árinu 1973 verði greiddar 5 millj. kr. í þessu skyni.

Alþingi, 13. des. 1972.

Geir Gunnarsson,
form., frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
fundaskr.

Karvel Pálmason.

Ingvar Gíslason.

Ágúst Þorvaldsson.

Fylgiskjal.

Verklegar framkvæmdir á fjárlögum 1972, sem lækkaðar hafa verið skv. heimild í bráðabirgðalögum í júlí s. l.

Hafnir:	Millj. kr.
Akranes	4.0
Arnarstapi	1.5
Árskógssandur	1.4
Suðureyri	4.0
Ísafjörður	4.0
Þórshöfn	6.0
Borgarfjörður eystri	4.0
Eskifjörður	1.0
Fáskrúðsfjörður	1.0
	<hr/>
	26.9
Hafnarfjörður, dráttarbraut	1.7
	<hr/>
	28.6

Skólar:	Millj. kr.
1. Krýsuvík	3.0
2. Mosfellssveit	2.5
3. Akranes	2.0
4. Grundarfjörður	2.0
5. Laugar í Dalasýslu	2.0
6. Reykhólar	2.0
7. Patreksfjörður	0.5
8. Suðureyri	0.8
9. Bolungarvík	2.0
10. Sólgarðar	0.9
11. Ólafsfjörður	1.0
12. Húsavík	2.0
13. Dalvík	2.0
14. Stórutjarnir	1.0
15. Hafralækur	1.0
16. N.-Þingeyjarsýsla	3.0
17. Múlasýslur	1.0
18. Búðahreppur	2.0
19. Reykjavík (3 skólar v/undirbúningsframkv.)	1.0
20. Seltjarnarnes	2.5
21. Skagafjörður	13.0
22. Reyðarfjörður, íþróttahús	1.0
23. Selfoss	2.0
24. Borgarnes	0.5
25. Varmaland, íþróttahús	1.0
26. Laugar í S.-Þing.	1.3
27. Háskóli Íslands	12.0
28. Iðnskólinn í Reykjavík	2.5
29. Þjóðarbókhlaðan	7.5
	<hr/>
	Samtals 75.0

Heilbrigðismál:	Millj. kr.
Læknastöðvar:	
Borgarspítali, Rvík	14.0
Borgarnes	3.0
Ísafjörður	4.0
Patreksfjörður	4.0
Dalvík	3.0
Egilsstaðir	3.0
Neskaupstaður	7.0
Selfoss	10.0
Keflavík	1.0
Hafnarfjörður	1.0
	<hr/>
	50.0
Fæðingardeild Landspítalans	15.0
Landspítali	6.0
	<hr/>
	71.0